

Tillaga 1

Að Fjölskylduráð skoði þörf fyrir opnun á nýjum vinnustað sem taki mið af þörfum fatlaðs fólks. Um verði að ræða störf fyrir fólk með sérþarfir og tekið verði sérstaklega tillit til þess að næsta haust verður Fannborg, vinnustað fyrir fatlaða í Kópavogi, lokað en þar starfa nú 12 einstaklingar frá Hafnarfirði. Mikilvægt er að tryggja samfellu í þjónustu við þennan hóp og skoða jafnframt möguleika á því að auka fjölbreytni í atvinnu fyrir aðra íbúa Hafnarfjarðar sem þurfa stuðning á vinnumarkaði eða hæfingu.

Greinargerð

Hafnarfjörður er þriðja stærsta sveitarfélag landsins og kominn tími til að stofna í sveitarfélaginu vinnustað fyrir fatlað fólk með möguleika á félagsstarfi á móti vinnu. Í Hafnarfirði er fjölbreytt atvinnulíf og því eru til staðar tækifæri til samstarfs við fyrirtæki í bænum. Eitt af meginmarkmiðum með stofnun nýs vinnustaðar væri að finna fólki störf á almennum vinnumarkaði með starfsþjálfun og atvinnu með stuðningi. Ennfremur verði litið til þeirrar starfssemi sem nú þegar sinnir hæfingu og atvinnu fatlaðs fólks í Hafnarfirði og skoðað hvort möguleiki er á samþættingu eða samvinnu verkefna.

Tillaga 2

Að Fjölskylduráð skoði þörf fyrir opnun á félagsstarfi sem taki mið af þörfum fatlaðs fólks.

Greinargerð

Í dag vantar aukna fjölbreytni í skipulagt félagsstarf fyrir fatlað fólk en margir í þessum hópi vinna hlutastarf eða eru ekki á vinnumarkaði. Félagsstarf sem væri í boði á daginn myndi auka lífsgæði þeirra sem á þurfa að halda og vinna gegn félagslegri einangrun. Fyrirmynd fyrir þjónustuna myndi vera félagsstarf sem er í boði fyrir aðra hópa, félagsstarf eldri borgara, frístund og tómstund fyrir börn á skólaaldri og afþreying fyrir fötluð ungmenni á framhaldsskólaaldri. Þjónustan yrði aðlöguð að þörfum þeirra sem nýta þjónustuna.

Lög sem varða atvinnumál fatlaðs fólks eru að komast í það horf að samræmast ákvæðum sáttmálans. Í lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 er sérstakur kafli sem fjallar um atvinnumál þar sem tekið er fram að veita skuli fötluðu fólki aðstoð til að sinna störfum á almennum vinnumarkaði þegar þess gerist þörf. Þá má geta þess að velferðarráðuneytið hefur unnið frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði sem leggja á fram á Alþingi á haustþingi 2013. Þar er sérstaklega tekið á aðstæðum fatlaðra á vinnumarkaðinum.

Lög nr 59/1992

- **4. gr.** [Sveitarfélög bera ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk, þar með talið gæðum þjónustunnar, sem og kostnaði vegna hennar samkvæmt lögum þessum nema annað sé tekið fram eða leiði af öðrum lögum. Enn fremur skulu sveitarfélögin hafa innra eftirlit með framkvæmd þjónustunnar, þar á meðal með framkvæmd samninga sem sveitarfélögin gera við rekstrar- eða þjónustuaðila um framkvæmd þjónustunnar, sbr. 6. gr. b.

□ Landinu skal skipt í þjónustusvæði þannig að á hverju þjónustusvæði séu að lágmarki 8.000 íbúar. Fámennari sveitarfélög skulu hafa samvinnu við önnur sveitarfélög um skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk skv. 1. mgr. og bera

þau þá sameiginlega ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustunnar sem og kostnaði vegna hennar nema annað sé tekið fram eða leiði af öðrum lögum. Sveitarfélögum er hafa samvinnu um skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk á einu þjónustusvæði er heimilt að fela einu þeirra skipulag og framkvæmd þjónustunnar og tekur það þá ákvarðanir um þjónustuna fyrir hönd annarra sveitarfélaga á svæðinu. Jafnframt er þeim heimilt að fela skipulag og framkvæmd þjónustunnar sérstökum lögaðila sem þau eiga aðild að, svo sem byggðasamlagi.

Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá íbúafjölda skv. 2. mgr. á grundvelli landfræðilegra aðstæðna, enda hafi viðkomandi sveitarfélag eða sveitarfélög sýnt fram á getu til að veita þjónustu í samræmi við ákvæði laga þessara.

Náist ekki samkomulag milli sveitarfélaga um að mynda þjónustusvæði skv. 2. mgr. getur ráðherra, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, tekið ákvarðanir um stærð eða mörk þjónustusvæða og eru þær ákvarðanir bindandi fyrir hlutaðeigandi sveitarfélög.] ¹⁾

Hafnarfjörður 6. apríl 2017

Helga Ingólfssdóttir